

15. september 1967 til 1. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber því að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 55.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan persónulega og vegna einka-fyrirtækis þeirra, Leikhúskjallarans, stefnanda, hljómsveit Guðjóns Pálssonar, kr. 275.790 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968 og sömu ársvöxtum af kr. 275.790 frá þeim degi til 1. maí 1973, en 9% ársvöxtum af kr. 275.790 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1975.

Nr. 104/1974. **Gísli Hafsteinsson og
Sigríður Valdimarsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Puríði Axelsdóttur
og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Barn. Innsetningaraðgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson, setufógeti í Þingeyjarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 28. maí og 21. júní 1974. Krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 1. júlí 1974, áfrýjaði málinu með stefnu 4. júní s. á. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó svo, að henni verði dæmdur málskostnaður í héraði, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, svo sem málið væri þar eigi gjafvarnarmál.

Allmörg ný gögn hafa komið fram fyrir Hæstarétt, og hafa aðiljar máls komið fyrir dóm og nokkur vitni.

Leitt er í ljós, að gagnáfrýjandi fór til Raufarhafnar hinn 1. október 1974 og fékk sér þar afhent barnið Herborgu Gísladóttur, er mál þetta varðar. Hefur Herborg dvalist með móður sinni, gagnáfrýjanda, óslitið síðan. Aðaláfrýjandi Gísli Hafsteinsson var eigi hér á landi, er gagnáfrýjandi fékk barnið til sín, og hefur hann lýst sig andvígán brottför barnsins frá Raufarhöfn.

Af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur farið fram nokkur könnun á heimilisháttum og afkomu gagnáfrýjanda, og m. a. tengslum barnsins Herborgar við hana svo og tengslum Herborgar við systur sína, er elst upp þar á heimilinu. Fylgir greinargerð þessi bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 1. nóvember 1974 til lögmanna aðilja, og er hún meðal gagna máls. Í yfirlýsingu 30. október 1974 frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur greinir frá því, að nefndin hafi ákveðið „að kyrrsetja barnið Herborgu Gísladóttur . . . á heimili móður hennar Þuríðar Axelsdóttur . . . þar til dómur hefur fallið í hæstaréttarmálinu nr. 104/1974 eða þar til barnaverndarnefnd ákveður annað“. Eigi er frá því greint samkvæmt hvaða lagaheimild þessi ákvörðun sé gerð og eigi heldur hvaða gögn hafi legið fyrir nefndinni, er þessi úrlausn var veitt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð greinargerð frá barna-

verndarnefnd Raufarhafnar, dags. 21. október 1974. Lýsir nefndin því, að breytingar hafi orðið á heimilishögum aðaláfrýjanda, síðan álitserð nefndarinnar frá 9. maí 1974 var látin uppi, en sú álitserð er rakin í hinum áfrýjaða úrskurði. Fram hafi komið „mjög mikið kæruleysi hjá Gísla gagnvart heimili sínu og fjölskyldu, svo sem tíð ferðalög hans burt af staðnum og jafn vel til annarra landa fyrirvaralaust“. Hafi það aftur haft í för með sér, að kona hans hafi orðið að taka að sér störf hans „og þar af leiðandi hefur hún ekki getað sinnt heimili þeirra eins og skyldi“. Er það niðurstaða nefndarinnar „að tvímælalaust muni það verða barninu fyrir bestu að verða áfram hjá móður sinni í Reykjavík, en þangað er hún komin núna . . .“

Gagnáfrýjandi Þuríður Axelsdóttir hefur foreldraráð barnsins Herborgar samkvæmt 3. málsg. 22. gr. laga nr. 95/1947. Barnaverndarnefnd Raufarhafnar hefur, svo sem rakið var, eigi úrskurðað, að barnið skuli vera hjá aðaláfrýjendum, sbr. 3. málsg. 36. gr. laga nr. 33/1966, heldur lýst þeirri skoðun sinni, að það muni vera barninu fyrir bestu að dveljast áfram hjá gagnáfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Rétt þykir að staðfesta úrlausn fógeta um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 85.000, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Gísli Hafsteinsson og Sigríður Valdimarsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 85.000, sem renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs

talsmanns gagnáfrýjanda, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlaðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., hefur Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Þuríðar Axelsdóttur, Hjallavegi 54, Reykjavík, krafist úrskurðar um, að óskilgetin dóttir hennar og Gísla Hafsteinssonar, Herborg Gísladóttir, verði fengin henni með beinni fúgetagerð, en barnið dvelst nú á heimili gerðarpóla að Helgafelli á Raufarhöfn.

Er þess einnig krafist, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða fyllsta málskostnað að mati réttarins, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gerðarbeiðandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. mars 1974 fengið gjafsókn í undirrétti.

Af hálfu gerðarpóla eru gerðar þær réttarkröfur, að framkominni gerðarbeiðni verði hrundið og að gerðarbeiðanda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu.

Fúgeti leitaði sátta, en sáttatilaun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Það liggur fyrir í máli þessu, að um haustið 1968 hófu þau Þuríður Axelsdóttir og Gísli Hafsteinsson sambúð án hjúskapar, og bjuggu þau fyrst í Reykjavík. Í febrúar 1970 fluttust þau að Bjargi við Selfoss og dvöldust þar til vors, en 16. maí þ. á. fluttust þau að Votmúla í Sandvíkurhreppi og bjuggu þar, uns þau fluttust um fardagaleytið 1971 að Hellishólum í Fljótshlíðarhreppi.

Þau eignuðust á þessum tíma tvö stúlkubörn, Herborgu, fædda 23. desember 1968, sem mál þetta snýst um, og aðra dóttur, fædda 20. desember 1970.

Vegna ósamkomulags slitu Þuríður og Gísli sambúð sinni í september 1971, og fluttist Þuríður þá af heimilinu til Reykjavíkur og hafði með sér yngra barnið. Um orsakir sambúðarslitanna eru aðiljar ósammála, og vísast um það efni til rskj. nr. 15, 22, 30 og 31.

Þuríður taldi, að um það hefði verið rætt, að hún tæki eldra barnið til sín, strax og aðstæður leyfðu, en því er mótmælt af hálfu gerðarpóla Gísla.

Um áramótin 1972/1973 taldi Þuríður sig hafa aðstæður til að taka eldri dóttur sína til sín, en þá hafi barnsfaðirinn neitað að láta barnið af hendi og hafi hann ítrekað þá neitun sína síðan og ekki leyft móðurinni að sjá barnið.

Barnsfaðirinn, Gísli Hafsteinsson, sem nú er giftur Sigríði Valdimarsdóttur, hefur nú flust til Raufarhafnar, og dvelst Herborg þar á heimili þeirra hjóna.

Hefur Sigríður Valdimarsdóttir gengið inn í mál þetta og tekið undir réttarkröfur eiginmanns síns, Gísla Hafsteinssonar.

Innsetningarmál var upphaflega höfðað í Rangárvallasýslu vegna þessa tilefnis, en áður en til úrskurðar kom, fluttust gerðarþolar til Raufarhafnar sl. haust, og féll því málið þar niður.

Aflað hefur verið ýmissa gagna og álitsgerða barnaverndar-yfirvalda og sérfræðinga, sem liggja fyrir í máli þessu.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur skilaði greinargerð um hag Þuríðar, sem lögð er fram í málinu sem rskj. nr. 2. Segir svo í niðurstöðu greinargerðarinnar, sem Ása Ottesen fulltrúi hefur samið:

„Við rannsókn þessa máls hefur ekkert það komið í ljós, sem mæli gegn því, að Þuríður Axelsdóttir sé ekki fær um að annast báðar dætur sínar. Mikið fremur, að hér sé um að ræða hæfan einstakling, enda fær hún besta orð á vinnustað og víðar.

Þuríður er að eigin sögn bindindissöm og að því er virðist reglusöm í besta lagi.

Hvað snertir Herborgu litlu, er það eitt að segja, að það er ekki í mínu valdi að segja til um, hvað henni er hugsanlega fyrir bestu, þar sem hún dvelur hjá föður.“

Að tilhlutan Barnaverndarráðs Íslands var óskað eftir áliti barnaverndarnefndar Raufarhafnar.

Var á fundi nefndarinnar hinn 18. janúar sl. samþykkt að mæla með, að Gísli Hafsteinsson fengi fullan umráðarétt yfir dóttur sinni Herborgu. Kveðst nefndin hafa kynnt sér hegðun Gísla og heimilisástæður og telji það ekki ábótavant.

Eins og áður er getið, var fógetamál út af þessu tilefni upphaflega höfðað fyrir fógetarétti Rangárvallasýslu, en gerðarþolar áttu þá heima að Hellishólum í Fljótshlíð. Af því tilefni gaf barnaverndarnefnd Fljótshlíðarhrepps álit sitt, dags. 25. maí 1973, þar sem segir svo m. a.:

„Nefndin er ekki í aðstöðu til að kveða á um, hvort barninu er hentara að hverfa aftur til móður sinnar ellegar dvelja áfram hjá föður sínum að Hellishólum, eins og farið er fram á í bréfi yðar,

þar sem nefndin þekkir lítið sem ekkert til móður barnsins og hennar aðstæðna.“

Barnaverndarráð Íslands hafði mál þetta til meðferðar nokkurn tíma. Hinn 7. mars sl. ályktaði ráðið svohljóðandi orðrätt:

„Þar sem ekki hefur borist svar frá lögmanni Gísla Hafsteinssonar við tilboði Þuríðar Axelsdóttur um ákveðinn umgengnisrétt við börn sín og tilmæli um, að hann skili eldri dótturinni í hendur móður, ályktar Barnaverndarráð, að þar sem móðirin hafi ótvíræðan forræðisrétt beggja barna sinna og skv. upplýsingum um heimilisástæður og læknisvottorði um heilsufar hennar, teljist hún hafa allar aðstæður til að annast börn sín.

Telur því Barnaverndarráð rétt, að Þuríður Axelsdóttir fái í sína umsjá eldri dótturina, Herborgu Gísladóttur, sem nú dvelur hjá föður á Raufarhöfn.

Jafnframt leggur ráðið áherslu á, að föðurnum sé tryggður eðlilegur umgengnisréttur svo sem kostur er.

Formanni var falið að halda áfram tilraunum til sátta milli foreldranna á framangreindum grundvelli, og gefst til þess viku frestur.“

Hinn 19. mars sl. ritaði umboðsmaður gerðarþola bréf til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, þar sem hann beiðist þess, að sýslumaður taki sæti í barnaverndarnefnd Raufarhafnarhrepps samkvæmt 13. gr. laga nr. 53/1966 og hlutist til um, að nefndin taki afstöðu til töku barnsins af heimili gerðarþola.

Hinn 9. maí tók svo fulltrúi sýslumanns, Adólf Adólfsson, sæti í barnaverndarnefnd Raufarhafnar, og skilaði nefndin álitsgerð. Segir svo í lokaorðum greinargerðarinnar:

„Með tilliti til þess, sem fram hefur komið um aðstæður móður barnsins, álítur nefndin, að mun heppilegra sé barnsins vegna, að hún dvelji hjá hjónunum Gísla og Sigríði, sérstaklega með tilliti til umönnunar á skólagöngutíma, og jafnframt álítur nefndin, að telpa verði að hafa fullt samband við móður sína á eins eðlilegan hátt og hægt er, með fullu samkomulagi foreldranna.“

Hinn 19. mars sl. sneri umboðsmaður gerðarþola sér til sýslumanns Þingeyjarsýslu og óskaði, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn (sérfræðingar) til að láta í té álit sitt um kröfu Þuríðar Axelsdóttur um, að dóttir hennar, Herborg Gísladóttir, verði með beinni fógetagerð tekin af heimili föður hennar, Gísla Hafsteinssonar.

Segir í beiðni um dómkvaðninguna, að ljóst sé af skjölum málsins, að Barnaverndarráð hafi ekki kynnt sér heimili barnsins,

enda ekki verið bært að úrskurða mál þetta. Segir síðan orðrétt: „En réttur barnsins virðist vera sá, að kannað sé, hvað því er fyrir bestu í þessu efni og hvort það geti haft ill áhrif á það að verða tekið brott af heimili föður síns, þar sem það hefur dvalist alla ævi.“

Dómkvaðning fór fram sama dag, sbr. rskj. nr. 11.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Kristinn Björnsson sálfræðingur og Sigurjón Björnsson prófessor, skiluðu ítarlegri álitserð þann 22. apríl sl., sem liggur frammi í málinu sem rskj. nr. 18.

Í lokaorðum álitserðar hinna dómkvöddu manna segir orðrétt svo:

„Samkvæmt athugunum okkar verða þessar helstu niðurstöður:

1. Ekki verður annað séð en vel fari um Herborgu, þar sem hún er nú, og að hún eigi ástriki að fagna og búi við eðlilega heimilishætti og uppeldi.
2. Við höfum enga ástæðu til að ætla annað en móðir Herborgar, Þuríður Axelsdóttir, sé þrýðilega fær um að annast uppeldi telpunnar og að hún búi við aðstæður, sem gera henni það efnislega kleift.
3. Við það að flytjast af heimili föður og stjúp móður til móður verður að vísu allmikil breyting á högum Herborgar. Í stað þess að dveljast hjá tveimur uppældum fer hún til einstæðrar móður, sem vinnur úti, og þarf að sjá henni fyrir dagvistun. Herborg er án efa tilfinningalega tengd föður, stjúp móður og fóstbróður, en hefur lítil kynni af móður sinni og systur sl. 2-2½ ár. Að sjálf sögðu mundi flutningur til móður fela í sér nokkurt álag fyrir telpuna.

Það er þó vel innan þeirra marka, sem við teljum eftir vandlega yfirvegun, að heilbrigt barn eigi að þola án sálrænna áfalla — sér í lagi sé tryggilega frá því gengið, að tengsl Herborgar við fjölskylduna fyrir norðan geti haldist og að vista-skiptin séu undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni.

4. Af viðtölum við báða aðilja virtist okkur koma fram svo mikill samkomulagsvilji og hagur og velferð Herborgar svo mjög fyrir brjósti borinn af öllum, að okkur þykir líklegt, að hægt verði að ná samkomulagi, sem báðir aðilar geti við unað.

Þess er að geta, að þar sem telpa er á 6. ári, eru naumast nema 3-4 ár þangað til hún getur sjálf sagt skoðun sína á því, hvort heimilið hún kys að aðalvalarstað. En til þess að telpa verði fær um það, þarf hún að sjálf sögðu að fá tækifæri til að kynnast móður sinni og systur vel á næstu árum.

Við leyfum okkur að benda á, að heppilegasti tími til að hefja slík kynni á ný er, þegar móðir næst fær sumarfrí. Þá hefur hún bestu aðstöðu til að annast telpurnar alveg, þarf ekki að hafa þær á dagheimili og getur myndað góð tengsl við Herborgu, sem raunar þarf ekki að efa, að takast muni að mynda. Framhald yrði svo samningsatriði foreldra, væntanlega háð því, hvernig telpan unir sér, eða úrskurðaratriði yfirvalda, ef á þarf að halda.“

Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarbeiðanda, styður mál sitt þeim rökum, að krafa sín byggist á þeim sjálfsagða og ótvíræða rétti, sem móðir hafi til umráða yfir óskilgetnu barni sínu, sbr. 22., sbr. 23. gr. laga nr. 95 frá 1947, enda sé ekkert það í aðstæðum eða fari móður, sem fari í bága við velferð barnsins samkvæmt ítarlegri athugun barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þá hafi Barnaverndarráð Íslands einnig ályktað, að barnið skuli fara í umsjá móðurinnar. Sömu leiðis benti hann á þá umsögn í niðurstöðu hinna dómkvöddu manna, að engin ástæða sé til að ætla annað en móðir Herborgar sé þrýðilega fær um að annast uppeldi telpunnar og að hún búi við aðstæður, sem gera henni það efnislega kleift.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarpóla, hefur mótmælt afgreiðslu og ályktun Barnaverndarráðs Íslands sem lögleysu.

Að vísu sé hægt að semja um, að ráðið geri ályktun um barnaverndarmál af þessu tagi, enda hafi slíkt verið gert, þegar sérstaklega hefur verið ástatt, t. d., þegar útlendingar hafa átt hlut af annarra hálfu. En slíkur samningur hafi ekki verið gerður hér.

Þá kveðst umboðsmaður gerðarpóla ekki draga í efa, að samkvæmt lögum nr. 95/1947, 22. og 23. gr., ráði móðir óskilgetnu barni sínu. En í þessu máli skipti foreldravalld eða forræði barns alls engu máli. Hér sé um allt annað að ræða, þ. e. a. s. kröfu um töku barns af heimili eða um, að það skuli flutt frá fósturforeldrum. Þá beri að fara eftir 13. gr. laga nr. 53/1966.

Bendir umboðsmaður gerðarpóla sérstaklega á ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1947, að barnaverndarnefnd sé jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef það fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Þessi regla sé ítrekuð í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 53/1966 um öll börn, bæði óskilgetin og hjónabandsbörn.

Barnaverndarnefnd Raufarhafnar hafi í greinargerð sinni álit-ið, að með tilliti til aðstæðna móður barnsins sé mun heppilegra barnsins vegna, að hún dvelji hjá hjónunum Gísla og Sigríði.

Vegna afgreiðslu Barnaverndarráðs á máli þessu hafi verið nauðsynlegt að fá dómkvadda matsmenn til að fjalla um kröfu gerðarbeiðanda um töku Herborgar af heimili fósturforeldra hennar, þar sem augljóst mál sé, að ekki hafi faðir hennar og stjúp móðir óríkari rétt en aðrir fósturforeldrar.

Sé álit hinna dómkvöddu matsmanna, að flutningur Herborgar til gerðarbeiðanda muni fela í sér nokkurt álag fyrir hana, er hún muni geta þolað, ef vistaskiptin væru undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni. Þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja, að svo verði aldrei. Það kynni þó að verða eftir 3-4 ár. Sé því ljóst, að ekki séu skilyrði fyrir hinni umbeðnu fógetagerð.

Samkvæmt 22. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 95/1947 er aðalreglan sú, að óskilgetnu barni ræður móðir. Er heldur ekki um það ágreiningur í máli þessu, að Þuríður Axelsdóttir hafi foreldraráð yfir barni sínu Herborgu.

Kemur þá til álita, hvort afhending barnsins til móðurinnar stefni í hættu velferð þess eða að barninu sé búinn sálrænn háski af afhendingu þess til móður sinnar.

Þegar virt eru gögn málsins og m. a. með hliðsjón af álitsgerð Barnaverndarráðs Íslands og þó sérstaklega með vísan til álits hinna dómkvöddu sérfræðinga, þá verður ekki talið, að færð hafi verið viðhlitandi rök fyrir skaðsemi gerðarinnar fyrir barn þetta.

Þykir því ekki fært að synja kröfu gerðarbeiðanda um umbeðna fógetagerð vegna þessarar málsástæðu.

Er þessi niðurstaða sérstaklega byggð á álitsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem sérstaklega fjölluðu um þetta atriði.

Þannig ber að láta hina umbeðnu innsetningargerð fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, samtals kr. 90.000.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar

með talin laun skipaðs talsmanns greðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1975.

Nr. 17/1975. **Jóhanna Kristjánsdóttir**

gegn

**Þorgeiri Þorsteinssyni, lögreglustjóra
á Keflavíkurflugvelli.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson
og Magnús Þ. Torfason.**

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. febrúar 1975, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur sóknaraðili kært „synjun Þorgeirs Þorsteinssonar, lög-reglustjóra á Keflavíkurflugvelli, um að kveða upp úrskurð, hvort líkamsleit skyldi framkvæmd á“ sóknaraðilja „eða ekki“. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði vittur fyrir málsmeðferð sína.

Frá varnaraðilja hefur borist greinargerð um málið, en ekki eru þar gerðar kröfur.

Samkvæmt gögnum máls eru atvik þau, að sóknaraðili, er starfar sem flugfreyja hjá Loftleiðum h/f, kom með flugvél frá útlöndum 28. janúar sl. Tollgæsluþingvöld ákváðu, að framkvæmd skyldi leit á öllum flugfreyjum, er komu með flugvélinni. Sóknaraðili mótmælti leit án dómsúrskurðar. Varnaraðili, sem fer með yfirstjórn tollgæslu á Keflavíkur-flugvelli, var kvaddur á vettvang. Kveðst hann hafa tjáð sóknaraðilja, að með skírskotun til ákvæða 12. og 14. gr. laga nr. 59/1969 mundi hann fyrirskipa leitina án úrskurðar. Um atvik þetta er svo bókað í dagbók tollgæslunnar á Kefla-